



Alþingi
Erindi nr. P 141/789
komudagur 29.11.2012

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 29. nóvember 2012

1104019SA GB
Málalykill: 320

Efni: Fyrirspurn um málsmeðferð frumvarps til stjórnskipunarlaga, 415. mál

Sambandi íslenskra sveitarfélaga hafa borist fyrirspurnir frá nokkrum sveitarfélögum um aðkomu sveitarfélaga að frumvarpi til stjórnskipunarlaga sem nú liggur fyrir Alþingi. Er ljóst að hér er um að ræða mál sem getur snert sveitarfélögin á margvíslegan hátt og er því vart við öðru að búast en að sveitarfélögin vilji fá tækifæri til að tjá sig um efni frumvarpsins.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur reynt eftir mætti að fylgjast með framvindu þessa máls undanfarin ár en hins vegar hefur sambandið aldrei átt beina aðkomu að málinu, t.d. var því ekki boðið að tilnefna fulltrúa í stjórnlaganefnd. Sambandið hefur hins vegar eftir megni reynt að koma á framfæri sjónarmiðum um tiltekna þætti málsins, m.a. á fundi með fulltrúum í stjórnlagaráði í júní 2011 og á fundi með stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis í nóvember sama ár.

Sambandið vill hins vegar taka fram að í raun er það fyrst núna, þegar frumvarp til stjórnskipunarlaga er lagt fram á Alþingi, sem talist getur tímabært að vinna heildstæða umsögn um þær tillögur sem felast í frumvarpinu. Til að vinna slíka umsögn þarf að fara yfir sjálft frumvarpið, skýringar við það og önnur gögn sem liggja til grundvallar frumvarpinu, þar á meðal álit sérfræðinganefndar sem falið var að yfirfara frumvarpstillögur Stjórnlagaráðs.

Vegna umfangs og mikilvægis málsins er hér ekki um að ræða verkefni sem hægt er að vinna á örfáum dögum, allra síst í því mikla annríki sem jafnan er í nóvember og desember vegna þingmála og lagafrumvarpa sem unnið er að í ráðuneytum. Raunar hlýtur sama staða að vera uppi hjá þeim þingnefndum sem óskað er eftir að veiti umsögn um málið og hjá opinberum stofnunum og öðrum hagsmunaaðilum sem hljóta að þurfa að fjalla um málið. Að áliti sambandsins er raunhæfur umsagnarfræstur um svo viðamikið mál 6-8 vikur, jafnvel þótt verkefnið verði sett í forgang, en ljóst er að starfsmenn sambandsins geta ekki lagt öll önnur verkefni til hliðar á meðan málið er til umsagnar.

Einnig er ástæða til að benda á að þar sem frumvarpið er lagt fram af meirihluta þingnefndar fylgir því ekki umsögn um möguleg fjárhagsleg áhrif á sveitarfélögin, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, þar sem kveðið er á um að umsögn skuli fylgja öllum stjórnarfrumvörpum sem geta haft fjárhagsleg áhrif á sveitarfélögin. Sambandið telur þó afar mikilvægt að slík umsögn verði unnin enda er augljóst að áhrif einstakra ákvæða stjórnskipunarlaga, t.d. um



framfærslurétt, fræðslumál og fleiri atriði geta haft gríðarleg fjárhagsleg áhrif fyrir sveitarfélögin.

Með vísan til framangreindra sjónarmiða óskar Samband íslenskra sveitarfélaga eftir upplýsingum um það hve langur umsagnarfrestur verði veittur sveitarfélögum og samtökum þeirra til að fjalla um frumvarpið.

Óskað er eftir skriflegu svari.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri